Fjármálavit

VIÐAUKI 2

Orðaleikur, 20 mínútur

Leiðbeinendur geta valið að halda áfram að vinna með hugtök tengd fjármálum með þessum leik og tengja við fyrra verkefnið. Verkefnið er í formi orðaleiks og virkar eins og Alíasspil. Á næstu síðum eru miðar með orðum til að klippa út.

Lýsing

Lengd leiksins með umræðum er **20 mínútur**. Áætlaður tími er til viðmiðunar fyrir leiðbeinanda. Sjá nánar um undirbúning og hjálpargögn hér að framan.

Nemendur þekkja flestir Alías spilið og á því ekki að vera erfitt fyrir leiðbeinanda að útskýra leikinn.

1	Þetta verkefni gengur út á það að **útskýra orð með öðrum orðum**. Kennari segir nemendum að öll orðin í leiknum snúi að fjármálum.
2	Nemendum er skipt í **tvö lið þar sem einn úr hvoru liði kemur upp að töflu og fær tvær mínútur til að útskýra sem flest hugtök fyrir sínu liði. Eftir því sem tíminn leyfir geta fleiri fengið að spreyta sig í hvoru liðinu.**
3	Sá sem útskýrir reynir að gera það **án þess að segja orðið sjálft**. Hann má nota vísbendingar, samheiti og andheiti. Það má ekki nota látbragð.
4	Þau orð sem liðin geta ekki útskýrt fara í sér „**ruslbunka**“. Svona gengur þetta fyrir sig í 10 – 15 mínútur.

Dæmi

Vasapeningur. *„Þetta er samsett orð! Það sem er á buxum, framaná og aftaná, og það sem við borgum með.“*

Umræður

Í lokin safnar kennari saman „ruslmiðunum“ og fer yfir með nemendum.